

Meðferðarúrræði fyrir mikið geðfatlaða einstaklinga af skornum skammti

TUTTUGASTA og áttunda ágúst síðastliðinn var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem geðsjúkum manni var gefið að sök að hafa stolið í júní á þessu ári lambaleri að verðmæti 3.375 kr. í verslun í Reykjavík. Ákærdi játaði skýlaust brot sitt en í nóvember á síðasta ári hafði hann verið dæmdur í 4 mánaða fangelsisrefsingu fyrir að stela matvöru að verðmæti 862 kr. Ákærdi raufl orð dómsins og var dæmdur til 3 mánaða fangelsisvistar sem hann aflánar nú í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Í síðustu viku birtist grein eftir systur mannstins í Morgunblaðinu undir heitinu Þjóðfélagslegt einelti? þar sem hún lýsir hveþepla 20 ára sjúkrasögu hans, en hann greindist með geðlofa innan við tvítugt. Þá er þar lýst baráttu ættingja hans við „kerfið“, við að reyna að útvega honum meðferðar- og vistunarráðgjöf sem hann bráðvantar. Í yfirfyrirslu sem Geðhjálp sendir frá sér á dögnum kemur fram að 50 geðsjúkir einstaklingar fái ekki þá lögbodnu þjónustu sem þeir eigi rétt á. Þar á séu yfir 20 manns í fangelsjum og 30 til viðbótar heimilisslausir.

Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, þekkir sögu þessa manns sem rakin var að ofan og segir að hann hafi um nokkurt skeið vanið komur sínar í húsnæði Geðhjálpar við Túngötu í Reykjavík. Þar hafi hann eitt borðað hádegismat og átt kost á líkt og aðrir sem þangað leita, að taka þátt í dagskrá Geðhjálpar. Sökum eindárleysis sem stafar af sjúkdómi hans hafi hann hins vegar ekki tekið þátt í því starfi nema að takmörkuðu leyti.

Sveinn segist hafa fengið hringingu frá Fangelssímalastofnun fyrir í þessum mánuði, eftir að Geðhjálp hafi vakið athygli á málinu, þar sem óskað hafi verið eftir því að hann yrði undir eftirliti Geðhjálpar á daginn meðan hann aflánar dóm sinn. Daginn eftir heimstótti maðurinn Geðhjálp með bréf sem hann hafði sjálfur skrifað upp á og undirgengt að hann myndi vera undir ströngu eftirliti Geðhjálpar. Sveinn segist strax hafa bent fangelsismálavörðöldum á að það væri ekki hlutverk Geðhjálpar að hafa manninn undir eftirliti.

„Hú ópinbera ber ábyrgð á þessu og þeim ber að sinna þessum einstaklingi og reyndar á allt öðrum stað en á bak við lög og slá. Þau úrræði eru hins vegar ekki fyrir hendu,“ segir Sveinn. Í nokkra daga stóð manninn til bóða að nýta sér húsnæmi Geðhjálpar en það fyrirkomulag gekk ekki upp og að lokum var hann vistaður aftur á Skólavörðustíg.

Sveinn nefnir í þessu sambandi að mikil þörf sé á sértækri umönnunarstofnun fyrir einstaklinga sem eru mjög veikir og eru úti í horni í þjóðfélögum vegna sjúkdóms síns og að æskilegt sé að heilbrigðis- og félagsmálavörðöld komi að rekstri slíkra umönnunarstofnunar.

Með sértækri umönnunarstofnun væri með aðstoð lögreglu hægt að koma mjög veikum einstaklingum í umsjá fagfólks sem gæti komið þeim í bærligra ástand, að sögn Sveins.

Hann undirstrikar að mikilvægt sé að halda sértækri umönnunarstofnun aðskilinni frá bráðamóttöku Landspítalans. Mjög veikir einstaklingar passi oft á tíðum ekki með öðru fólki sem leiti sér aðstoðar á bráðamóttöku og fæli í sumum tilvikum jafnvel fólk frá því að leita sér aðstoðar þegar þá sjái mikið veikt fólk á þessum deildum.

Hann segir það sammerkt með mörgum geðfötludum einstaklingum að þeir vilji oft á tíðum ekki þiggja þá aðstoð sem þeim sé bodin. „Það að hafa ekki afskipti af þessum einstaklingum gengur hins vegar ekki upp eins og dæmin sanna og bitnar bæði á sjúklingum og aðstandendum þeirra,“ segir Sveinn.

Hann segir einnig þörf á því að setja á laggirnar hreyfinglegt teymi

Þörf á sértækri umönnunarstofnun

sem annist fólk sem er í eigin húsnæði en er oft og einnast ekki í stakk búið að sjá um sig sjálft. „Það er mjög algengt þegar fólk fer út af geðdeild að það hætti samhliða að taka lyfin sín og það leiðir ekki nema eitt af sér, menn fara bara aftur inn,“ segir hann.

Hann segist álíta að með fær-anlegu teymi megi koma betur til móts við geðfatlaða einstaklinga sem séu oft á tíðum haldnir ákvedinni fælni við að leita sér aðstoðar á geðdeildum.

Þá segir Sveinn mikilvægt að stokkað verði upp í lögum um málefni geðfatlaðra og að meðal annars verði skoðað hvort hægt sé að skil-orðsbinda hluta af refsisdómi gegn því að viðkomandi axli hluta ábyrgðarinnar og leiti sér aðstoðar við geðsjúkdóm sínum, taki inn lyfin sín o.s.frv. Þá hefur Geðhjálp einnig horft til nauðungarvistarlag-anna sem Sveinn segir að brýnt sé að breyta. Þar þurfi faglegi geririnn að koma betur inn í til að hægt sé að gripa til nauðsynlegra úrræða áður en viðkomandi verður enn þá veikari.

„Tilfinningalega séð er þetta oft á tíðum mjög erfiðt sem leiðir af sér að aðstandendur gripa ekki til þess fyrir en allt of seint. Viðkomandi er þá orðinn bullandi veikur og allt komið í mikinn ófrið,“ segir Sveinn Magnússon.

Jafnósakhefir þegar um lítil brot er að ræða

Erlendur Baldursson, afbrotafræðingur hjá Fangelssímalastofnun ríkisins, hélt erindi í Reykjavík-urakademínni í apríl síðastliðnum á opnum fundi um meðferð og/eda refsingar, þar sem hann reyndi að lýsa bakgrunni síbrotamannsins. Fundurinn var yfirskrifinn Sekur eða sjúkur.

Erlendur tók dæmi af umrædd-um dómi yfir manninn frá því í nóvember á síðasta ári. Hann segir að burtséð frá því hvort menn séu geðsjúkir eða ekki þá sé það spurning hvort það eigi að dæma fólk í fangelsi fyrir minniháttar afbrot eins og í þessu tilviki. „Á að nota þyngstu refsingu þjóðfélagsins, sem er fangelsi, fyrir svona smá- muni. Á ekki frekar að nota slíka refsingu í alvarlegri málum?“ spyr Erlendur.

Hann segist telja að í dómum þar sem um minniháttar afbrot sé að ræða og veikir einstaklingar eigi í hlut, líkt og í þessu tilviki, sé oft ekki gengið úr skugga um, með að- stöð geðrannsóknar, hvort viðkomandi sé sakhæfur eða ekki. Slík- ar rannsóknir séu frekar notaðar þegar um stærri mál sé að ræða.

„Menn eru hins vegar alveg jafn- ósakhæfir þegar um lítil brot er að ræða eins og þegar stór brot eiga í hlut,“ segir Erlendur.

Að sögn Tómasar Zoëga, yfir- læknis á geðdeild Landspítala – há- skólasjúkrahúss, hefur tilfelliðum þar sem mjög veikir sjúklingar eiga í hlut sem ekki hafa fengið meðferðarúrræði við hæfi, fjölgað á undanförunum árum. Margir þess- ara sjúklinga eiga einnig við vinnu- efnavanda að stríða sem gerir það að verkum að erfðara er að leysa úr vandamálum þeirra en ella.

Tómas segir að á allra síðustu á- rum hafi rúmum á geðdeildum Landspítalans fækkað, bæði á bráðadeildum og langdvalardeild- um.

Hann segir að erfiðt reynist oft á tíðum að finna húsnæði fyrir þessa einstaklinga sem sökum veikinda sinna hafist ekki við í því húsnæði

sem þeim standi til bóða. Engu að síður blási við að vegna sparnaðar- aðgerða í heilbrigðisþjónustu sé heilbrigðiskerfið ekki eins vel í stakk búið að taka á vandanum og var fyrir nokkrum árum.

Tómas segir að búið sé að loka deild sem var á Vífilsstöðum og þeir sjúklingar sem þar voru fluttir á aðrar deildir. Þá var móttöku- deild sem var á Kleppspítala sam- einuð annarri deild á Landspítala. Einnig fækkaði rúmum við samein- ingu geðdeilda þegar geðdeild á Borgarspítalanum var lögð niður en þar hafði verið starfrækt bráða- móttaka fyrir geðsjúka. Þá hefur rýmum einnig fækkað sem geð- deild Landspítalans hefur haft yfir að ráða á Arnarholti. Tómas segir að alls hafi þálassum því fækkað á undanförunum árum um nærri 40.

Hann segir að veruleg þörf sé á úrræðum fyrir geðsjúka sem taki á þeirri óreglu sem fylgi þeim ein- staklingum sem eigi við áfengis- eða vinnuefnavanda að stríða. Óreglan verði oft til þess að þeir taki ekki inn lyfin sín og fylgi ekki eftir annarri meðferð sem þeir eigi að taka þátt í.

„Það þarf að auka fjárveitingar bæði af hálfu ríkis og sveitarfélaga til þess að byggja upp vernduð heimili fyrir þennan hóp einstak- linga,“ segir Tómas.

„En spítalinn getur ekki lokað sínum úrræðum nema eitthvað annað kerfi taki við í staðinn, það er alveg ljóst enda ekki hægt að sinna geðsjúkum annars staðar en á geðsjúkráhusum,“ segir hann.

Tómas minnr á að hann hafi veitt forystu starfshópi sem skilaði af sér skýrslu til heilbrigðisráð- herra 10. október árið 1998 þar sem meðal annars var lögð áhersla á að rúmum fyrir geðsjúka yrði ekki fækkað.

„Eitt af þeim vandamálum sem við bentum á sérstaklega tengdust þeim sem voru langveikir vegna geðsjúkdóma. Við vorum þar með ákvednar tillögur sem ekki hafa enn verið framkvæmdar,“ bendir hann á.

„Ríkisstjórnin hefur nú sett geð- heilbrigðismál í forgang og það er því mikilvægt að hún gangi eftir því að svo verði,“ segir Tómas Zoëga.

Sjaldgeft að mikið veikir einstaklingar aflání dóma

Haraldur Dungal heimilisslæknir segir að enginn sé í raun ánægður með hlutskipti sitt í máli geðsjúka mannsins sem aflánar nú dóm í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Haraldur hefur í starfi sínu sem fangalæknir ásamt hjúkrunarfræðingi skoðað hann reglulega á

meðan á aflánun hans hefur stað- íð. Í síðasta mánuði var hann færður á geðdeild Landspítalans í tæpar tvær vikur. Þá var reynt að hafa hann í dagvistun hjá Geðhjálp eins og áður var nefnt. Hann segir að reynt sé eftir fremsta megni að vita honum þá aðhlyningu sem hann þarf á að halda og að það sé mat sitt að honum hafi ekki versnað á meðan hann hefur aflánað dóm sinn. Aðspurður hvort algengt sé að hann þurfi að hafa afskipti af geðsjúkum einstaklingum í aflá- nun sem séu mikið veikir segir Har- aldur að í starfi sínu sem fanga- læknir sé það fremur sjaldgæft. Annað slagið komi þó upp tilviki þar sem sinna þurfi geðsjúkum sem hafi gerst brotlegir við lög líkt og í umræddu tilviki.

Eliý Þorsteinsdóttir, fram- kvæmdastjóri ráðgjafarsviðs Fé- lagsþjónustunnar í Reykjavík, seg-

ir að eðli málsins samkvæmt fái Félagshjónustan líkt og önnur fé- lagsþjónusta inn á borð til sín erfið mál sem erfðilega hafi gengið að leysa úr í öðrum „kerfum“ og stundum hjá Félagshjónustunni einnig.

Hún bendir á að töluverð um- ræða hafi spunnist í fjölmiðlum fyr- ir um ári um hóp sem hafði orðið útundan í kerfinu þar sem við sögu komu misnotendur á vinnuefnum og áfengingur og í sumum tilfellum fólk sem hefur átt við geðsjúkdóma að stríða.

Að sögn Eliýjar gekk Félagshjónustan í kjölfarið til sam- inga við Samhjálp um rekstur húsnæðis fyrir 7–8 heimilissláusa við Miklubraut sem opnað var á þessu ári. Hún bendir á að það húsnæði sé hins vegar ekki eingöngu ætlað þeim sem eiga við geðsjúkdóma að stríða.

Þá er Félagshjónustan með samning við Sveðisskrifstofu um málefni fatlaðra um búsetuþjón- ustu fyrir geðfatlaða sem Geðhjálp hafði með höndum áður. Sam- kvæmt honum er boðið upp á bú- setuúrræði fyrir allt að 35 einstak- linga.

Félagshjónustan býður einnig geðsjúkum einstaklingum upp á önnur búsetuúrræði og meðal annars hefur Félagshjónustan fram- leigt 11 íbúðir af Félagshjónustunni, svokölluð „vönduð heimili“ þar sem búa tveir til fjórir geðfatlaðir ein- staklingar saman, samtals 39 ein- staklingar. Þessa þjónustu hefur Félagshjónustan starfrækt í sam- vinnu við Landspítalan. Þá fá margir stuðning eða ráðgjöf heim til sín, hvort sem um er að ræða heimahljónustu, lífveslu eða ráðgjöf frá starfsmönnum Félagshjónust- unnar. Eliý bendir á að til viðbótar hafi Sveðisskrifstofa um málefni fatlaðra yfirsýn yfir málaflokkinn og sé með önnur úrræði til viðbótar þessum.

Samþykkt að bæta við þremur nýjum búsetuúrræðum

Félagsmálaráð Reykjavíkurb- borgar samþykkti á síðasta ári að setja á laggirnar þrjú búsetuúr- ræði. Eitt af þeim úrræðum er heimili sem Samhjálp rekur fyrir heimilissláusa við Miklubraut en einnig var samþykkt að opna nýtt gistinguheimili og heimili sem ætlað er þeim sem hafa farið oft í áfengis- meferð og þurfa tíma til að fóta sig á ný í samfélaginu. Skilyrði fyr- ir því að fá inni á heimilinu er að viðkomandi einstaklingur sé búin að taka á vinnuefna- eða áfengis- vanda sínum.

Samþykkt að bæta við þremur nýjum búsetuúrræðum

Samþykkt að bæta við þremur nýjum búsetuúrræðum

Samþykkt að bæta við þremur nýjum búsetuúrræðum

Samþykkt að bæta við þremur nýjum búsetuúrræðum

Samþykkt að bæta við þremur nýjum búsetuúrræðum

Samþykkt að bæta við þremur nýjum búsetuúrræðum